



LANGANESBYGGÐ

26. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 24. júlí 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Karl Ásberg Steinsson, Árni Bragi Njálsson, Aðalbjörn Arnarsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engin athugasemd gerð.

Dagskrá fundar

1. Umsókn um stöðuleyfi við Fjarðarveg 33.
2. Umsókn um breytingar á húsi við Fjarðarveg 33.
3. Umsókn um byggingarleyfi fyrir þjónustumiðstöð Fjarðavegi 1
4. Umsókn um lóð fyrir gróðurhús á Bakkafirði.
5. Önnur mál.

Fundargerð

1. Umsókn um stöðuleyfi við Fjarðarveg 33, Þórshöfn

Lögð er fram umsókn frá Birni Möller Fjarðarvegi 33, dags. 21. júní sl., fyrir 30 m² gám á lóðinni vegna framkvæmda við húsið. Sótt er um leyfi til 31. des. nk.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn um breytingar á húsi við Fjarðarveg 33, Þórshöfn

Lögð er fram umsókn með uppdráttum frá Birni Möller og Christian Bleydorn, dags. 20. júlí sl., um breytingar á húsi þeirra við Fjarðarveg 33. Farið fram á hækka efri hæð hússins um 1,5 m að setja utan á liggjandi stiga upp á 2. hæð hússins við suðurstafn.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti. Samþykkt að umbeðin hækkun hússins fari í grenndarkynningu. Grennd telst vera Fjarðarvegur 31 og 35 og Sunnuvegur 14. Komi ekki fram athugasemdir í grenndarkynningu, verði sveitarstjóra falið að senda umsóknina til byggingarfulltrúa til meðferðar.

Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn um byggingarleyfi fyrir þjónustumiðstöð á Fjarðarvegi 2

Lögð er fram umsókn, dags. 15. júní sl., ásamt aðaltekningu nr. 1 dags. 27. júní 2017, frá N1 Dalvegi 10-14 í Kópavogi, um byggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar að Fjarðarvegi 2 á Þórshöfn. Nýja þjónustumiðstöðin kemur á stað þeirrar fyrri sem

LANGANESBYGGÐ



eyðilagðist í desember 2016. Gengið er út frá staðsetningu þjónustumiðstöðvar eins og hún er sýnd á ofangreindum uppdrætti.

Bókun um samþykkt: Nefndin fagnar áformum að byggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar og samþykkir fyrir sitt leyti framkomnar teikningar og felur byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gróðurhús í landi Bjarmalands á Bakkafirði

Farið er fram á stöðuleyfi fyrir gróðurhús í landi Bjarmalands á Bakkafirði og fylgja uppdrættir með staðsetningu ásamt greinargerð og lýsingu.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir innsenda umsókn um stöðuleyfi fyrir sitt leyti til eins árs.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

5.1. Umsókn frá Söndru og Marius Burba eigendum Pálmsholts 6 á Þórshöfn um að gera 60 x120 cm op fyrir glugga á austurstafn húseignar þeirra. Fyrir liggur skriflegt samþykki annarra eigenda á sameigninni Pálmholts 8, 10 og 12 fyrir breytingunni.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir breytinguna fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

5.2. Staða sorpmála. Sveitarstjóri fór yfir stöðu og gang mála. Hreinsun sorps verður í dag eða morgun. Urðun verður á urðunarstað Fljótsdalshéraðs þar til varanleg lausn fæst innan byggðarlagsins.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 12:50.